

BORGARRÁÐ 31. október 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um útboð Reykjavíkurborgar á stýribúnaði umferðarljósa - R19100452

Á fundi borgarstjórnar hinn 15. október s.l. var samkomulag milli SSH og ríkisins um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum á höfuðborgarsvæðinu samþykkt. Daginn áður eða hinn 14. október auglýsti Reykjavíkurborg útboð nr. 14356 rammasamning um stýribúnað umferðarljósa. 27. maí s.l. samþykkti innkauparáð að heimila umhverfis- og skipulagssviði að fara í samningskaup um kaup á vélbúnaði og hugbúnaði auk þjónustusamnings vegna uppfærslu á svonefndri miðlægri stýringu umferðarljósa í Reykjavík og það tekið fram að um væri að ræða samvinnuverkefni með Vegagerðinni sem greiða á helming kostnaðar við uppfærsluna. 1. Á hvaða heimild borgarstjórnar og/eða Innkauparáðs byggir útboð nr. 14356? 2. Er útboðið hugsað sem hluti af samkomulaginu milli SSH og ríkisins? 3. Eru Vegagerðin og SSH þátttakendur í útboðinu? 4. Hvers vegna auglýsti Reykjavíkurborg svo víðtækt útboð á stýribúnaði umferðarljósa áður en samkomulagið milli SSH og ríkissins var samþykkt í borgarstjórn? 5. Hvað er gert ráð fyrir að útboðið verði stórt í krónum talið?